

Skýrsla Æskulýðsnefndar

Skugga 2015



Æskulýðsnefnd Hmf. Skugga, Borgarnesi

Margrét Eggertsdóttir, form.

Sæmundur Jónsson

Halldóra Harðardóttir

Auður Ósk Sigurþórsdóttir

Birna Hlín Guðjónsdóttir

Við í Æskulýðsnefnd Skugga byrjuðum að funda eftir áramót og þá voru sett niður drög að því starfi sem átti að bjóða upp á í vetur, síðan hittist nefndin í nokkur skipti eftir það.

Í hestamannafélaginu Skugga eru 40- 50 börn, unglingar og ungmenni sem eru virk í starfinu og sem sækja það sem æskulýðsnefnd hefur uppá að bjóða. Hestamannafélagið býður upp á fjölbreytta viðburði þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Starfið hófst strax í september með knapamerkjunum, síðan týndust hinir ýmsu atburðir inn yfir veturinn.

Knapamerki

Bókleg kennsla í knapamerkinu hófst strax í október. Grunnskólinn í Borgarnesi og Hestamannafélagið Skuggi eru í samstarfi og geta börnin í eldri bekkjum skólans tekið knapamerkið sem valfag. Einnig geta þeir unglingar og ungmenni sem eru í hestamannafélaginu tekið knapamerkið og þá er bóklegi hlutinn kenndur í fundarsal reiðhallarinnar Faxaborgar. Eftir áramót hefst síðan verklegi hlutinn. Í vetur voru 2 nemendur í knapamerki 1, 8 nemendur í knapamerki 2, 3 nemendur í knapamerki 3 og 3 nemendur í knapamerki 4. Um knapamerkjanámskeiðin sá Heiða Dís Fjeldsted, reiðkennari.

Þrif á reiðtygjum

Í febrúar bauð Æskulýðsnefnd upp á námskeið í þrifum og umhirðu á reiðtygjum. Þar sem lítil þátttaka var á námskeiðinu var ákveðið að hætta við það.

Vesturlandssýning

Mikill áhugi er hjá krökkunum að taka þátt í sýningum. Í vetur tóku þau þátt í Vesturlandssýningunni eins og fyrri ár. Vegna mikillar þátttöku var skipt í þrjá hópa; börn, unglingar og ungmenni og fengnir voru þrír reiðkennarar til að stjórna þeim atriðum sem sýnd voru. Þeir reiðkennarar sem sáu um skipulagningu og stjórnun atriðana voru þau Heiða Dís Fjeldsted, Linda Rún Pétursdóttir og Siguroddur Pétursson reiðkennarar. Allt voru þetta glæsilegar sýningar enda mikið lagt í þær og mikil vinna að baki.



Barnaflokkur á Vesturlandssýningunni



Ungmennaflokkur á Vesturlandssýningunni

Keppnisnámskeið

Í apríl var haldið keppnisnámskeið fyrir vana knapa. Reiðkennarar voru þau Haukur Bjarnason og Randi Holaker. Námskeiðið skiptist niður í 1 bóklegan tíma og 5 verklega einkatíma. Í bóklega tímanum var farið yfir helstu grunnatriði í keppni, muninn á íþrótt og gæðinga keppni, hvernig skal haga sér á velli og einnig hvernig dórmarar hugsa og hvað þeir vilja sjá. Námskeiðið byrjaði inni í reiðhöllinni Faxaborg og færðist síðan út þegar fór að hlýna og eftir því hvað krakkarnir vildu. Námskeiðið var mjög einstaklingsbundið og farið var eftir þörfum hvers og eins. Námskeiðið var haldið á þeim annasama tíma þegar sem flest mót voru í gangi og þar með gat hver og einn æft sitt prógram undir leiðsögn kennara. Reiðkennararnir mættu á flest mót og fylgdust með sínum nemendum á vellinum og tóku út hvað mætti betur fara og hvað var gott og komu síðan með þá punkta fyrir krakkana í næsta tíma og æfðu betur það sem þurfti að laga.

Almennt reiðnámskeið

Þetta námskeið var fyrir byrjendur, aðeins vana og meira vana. Börnin sem sóttu þetta námskeið voru á aldrinum 5 til 11 ára. Mikil aðsókn var á námskeiðið og þurfti því að skipta hópunum á 2 daga í viku, þrír hópar annan daginn og tveir hinn . Þarna var farið í undirstöðuatriðin, gerðar jafnvægisæfingar, æfð stjórnun á hestinum, farið í leiki og margt fleira. Um námskeiðið sá Linda Rún Pétursdóttir, reiðkennari.



Æskulýðsdagur Skugga

Föstudaginn 29. maí var haldinn Æskulýðsdagur Skugga í annað sinn. Fengum við þær Lindu Rún Pétursdóttir og Sigrúnu Katrínu Halldórsdóttir til þess að sjá um nokkur atriði fyrir okkur. Sigrún stjórnaði hóp stelpna sem eru vanar keppni auk þess sem hún sá alfarið um kynningu á deginum. Krakkarnir sýndu gangtegundir og um leið kynnti Sigrún eiginleika íslenska hestsins fyrir gestum. Einnig sýndu stelpurnar glasareið þar sem þær riðu nokkra hringi með vatnsglas og áttu að passa að vatnið færi ekki úr því. Linda Rún kom með sína hópa sem höfðu verið á almenna reiðnámskeiðinu, þeim var skipt í þrjá hópa. Þarna fengu krakkarnir tækifæri á að sýna hvað þeir höfðu lært á námskeiðinu. Hóparnir tveir sem voru vanari krakkar, fóru í þrautabraut þar sem þau þurftu meðal annars að láta hestana labba yfir spýtur, sýndu jafnvægisæfingar - með því standa uppi á hestunum sínum og ríða með litla bolta í skeið á milli staða og margt fleira. Óvanari hóparnir fóru í leikinn dimmalimm, en í þeim leik reynir á góða stjórnun á hestinum. Síðasta atriði dagsins var heldur öðruvísi, en þar mættu tvær stelpur ríðandi – snéru öfugt á hestum sínum, sýndu ýmsar kúnstir og sprelluðu. Í lok atriðisins kom hestur með jólasvein á sleða í eftirdragi sem afhenti stelpunum pakka með karamellum sem þær dreifðu svo í stúkuna.

Þegar öllum atriðunum var lokið var boðið upp á að teyma undir börnunum og grillaðar pylsur fyrir alla. Dagurinn var vel heppnaður og ríkti mikil gleði meðal allra.

Æskulýðsnefnd Skugga vill þakka JGR heildverslun, SS, Geirabakarí og Vífilfelli fyrir styrki, á Æskulýðsdeginum.



Heimsókn

Miðvikudaginn 1.apríl tókum við á móti krökkum úr Æskulýðsnefnd Þyts. Ekki voru Skugga krakkarnir lengi að skella upp nokkrum atriðum, meðal þeirra sem mættu voru Máni og stóðhesturinn Prestur frá Borgarnesi með sýningu, Ísólfur og Urður, Guðný Margrét og Háfeti og síðast en ekki síst komu tveir galvaskir drengir annar á hesti og hinn á sleða í eftirdragi. Farið var í leiki og var mikið fjör og endaði dagurinn á því að Skugga krakkar buðu í pítsuveislu. Dagurinn var vel heppnaður og góð mæting frá báðum félögum og skemmtu allir sér konunglega. Viljum við þakka hestamannafélaginu Þyt fyrir komuna og skemmtilega samverustund.



Hópmýnd af krökkunum frá Þyt og Skugga

Mót

Krakkarnir hafa verið dugleg að taka þátt í mótum þetta árið. Veturinn byrjaði á KB mótariðinni, sem er haldin í þrjú skipti yfir veturinn, Firmakeppni Skugga, Íþróttamóti Skugga og Faxa, Gæðingamót Skugga og Faxa, Bikarmót Vesturlands og hin ýmsu mót um land allt.

Reiðhöllin Faxaborg

Mikil nýting hefur verið á reiðhöllinni okkar. Krakkarnir hafa verið dugleg að nota reiðhöllina þegar þau hafa undirbúið sig fyrir mót. Einnig fer mikil kennsla þar fram s.s knapamerkið og hin ýmsu reiðnámskeið.

Æskulýðsstarfið er gefandi og er gaman að fylgjast með krökkunum vaxa með hverjum vetrinum sem líður. Nýir félagar koma inn í hópinn og hafa börnin verið allt frá 3ja ára sem hafa tekið þátt í reiðnámskeiðum hjá okkur.

Við í Æskulýðsnefnd Skugga þökkum börnum, foreldrum, kennurum og öðrum sem komu að æskulýðsstarfi Skugga fyrir frábæran vetur með von um gott áframhaldandi samstarf.

F.h. Æskulýðsnefndar Skugga

Margrét Eggertsdóttir, form.